

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Ágúst 2018

Skráð atvinnuleysi var 2,3% í ágúst

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 2,3% og jókst um 0,1 prósentustig frá júlímánuði. Að meðaltali fjölgaði um 740 á atvinnuleysissskrá í ágúst í ár frá ágúst í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi 1,9%.

Atvinnuleysi jókst um 0,2 prósentustig á landsbyggðinni frá júlímánuði, en um 0,1 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 2.168 karlar að jafnaði atvinnulausir í ágúst og 2.091 kona. Var atvinnuleysi 2,1% meðal karla og 2,5% meðal kvenna og jókst um 0,1 prósentustig meðal beggja kynja frá júlí. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 3,1% en minnst á Norðurlandi vestra, 0,9% og 1,0% á Vestfjörðum.

Alls fóru 807 einstaklingar af skrá í ágústmánuði, þar af fóru 545 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði, eða um 68%. Þá voru 111 (14%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok ágúst, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka.


Alls komu inn 146 ný störf sem auglýst voru í vinnu- miðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest þjónustustörf eða 35 störf.

Greiddar voru 1.016 milljónir í atvinnuleysistryggingar í ágúst, 940 milljón vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 45 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 31 milljón vegna barnadagpeninga.

Í ágúst gaf Vinnumálastofnun út 235 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.369 atvinnuleyfi það sem af er ári. Í júlí gaf Vinnumálastofnun út 203 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.134 atvinnuleyfi það sem af er ári.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.572 í mánuðinum á vegum 26 starfsmannaleiga. Þessum starfsmönnum hefur fækkað um 12 milli mánaða.

Alls var 1.491 erlendur ríkisborgari án atvinnu í lok ágúst eða um 33% allra atvinnulausra og hækkaði úr 32% allra atvinnulausra í júlí.




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í ágúst og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í ágúst mældist eins og fyrr segir 2,3% og voru að jafnaði 4.259 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 90 á atvinnuleysissskrá frá júlí. Hins vegar voru í ágúst 740 fleiri á atvinnuleysissskrá en í ágúst 2017.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 3,1% og 2,5% á höfuðborgarsvæðinu. Minnsta atvinnuleysið var á Norðurlandi vestra 0,9% og 1,0% á Vestfjörðum.



Alls voru 2.168 karlar að jafnaði atvinnulausir í ágúst og 2.091 kona og var atvinnuleysi 2,1% meðal karla og 2,5% meðal kvenna. Atvinnuleysi jókst um 0,1 prósentustig milli mánaða hjá körlum svo og konum.

Alls var 531 einstaklingur á aldrinum 18-24 ára atvinnulaus í lok ágúst í ár sem samsvarar um 1,7% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað

um 111 frá ágúst 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 420.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 928 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst en voru 847 í ágústlok 2017. Hefur þeim því fjölgað um 81 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var um 20% af öllum á atvinnuleysissskrá í ágúst í ár en var um 22% í ágúst í fyrra (2017).


Atvinnugreinar og starfsstéttir

Nokkur fækkun atvinnulausra var í fiskveiðum, en aukning í flestum öðrum atvinnugreinum, mest í flutningastarfsemi, ýmsri sérhæfðri þjónustu, mannvirkjastarfsemi og gistingu og hótellstarfsemi.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði sérfræðingum á atvinnuleysissskrá milli ára,, en mest fjölgun atvinnulausra varð meðal iðnaðar- manna og véla- og vélgæslufólks.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls var 1.491 erlendir ríkisborgari án atvinnu í lok ágúst eða um 33% allra atvinnulausra en var 32% allra atvinnulausra í júlí. Hins vegar hefur útlendingum farið fjölgandi á atvinnuleysissskrá frá því s.l. haust. Þessi fjöldi samsvarar um 4,9% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 832, sem er um 56% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar og Lettar, en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra eftir þjóðerni í lok ágúst 2018



Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi verði svipað í september eins og í ágúst en skráð atvinnuleysi er einna lægst frá maí til september vegna áhrifa árstíðasveiflu. Því má gera ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í september verði á bilinu 2,0-2,3%.

Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá


Alls fóru 807 einstaklingar af skrá í ágústmánuði, þar af fóru 545 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði, eða um 68%. Þá voru 111 (14%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok ágúst, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, 75 (9%) fóru í nám sem er töluverð aukning frá fyrri mánuðum eins og gera má ráð fyrir að hausti. Þá voru 20 einstaklingar afskráðir vegna þess að þeir

voru að flytja úr landi, 8 höfðu fullnýtt bótarétt sinn og 15 fóru í fæðingarorlof.

Karlar voru 40% þeirra sem afskráðust í ágúst, sem er heldur lægra hlutfall en síðustu mánuði og 13% lægra en í júlí. Um 71% afskráðra, eða 570, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf ár og 19% (152) í 6 til 12 mánuði. Um 11% afskráðra (85) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár. Hlutfallslega voru jafn margir afskráðir úr aldurshópnum 18-29 ára og 30-39 ára eða 34%. Um 32% voru 40 ára eða eldri. Nokkur munur er á afskráningarástæðum eftir aldri. Um 79% fólks á aldrinum 40-49 ára afskráði sig vegna þess að það var komið í vinnu og 55% fólks á aldrinum 18-29 ára. Í öðrum aldurshópum var hlutfall þeirra sem fór í vinnu um 70%. Af þeim sem afskráðu sig vegna þess að þeir voru að fara í nám voru konur í miklum meirihluta, eða tæp 70%.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysisrá í ágúst 2018



Auglýst störf í vinnumiðlun í ágúst

Alls komu inn 146 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest þjónustustörf eða 35 störf. Þá var auglýst 31 starf verkafólks í iðnaði, landbúnaði o.fl. og 30 afgreiðslustörf.

Um 64% þessara starfa voru á höfuðborgarsvæðinu, 9% á Norðurlandi eystra og 7% á Suðurnesjum. Þá voru 20% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	15	10%
Þjónustustörf	35	24%
Afgreiðslustörf	30	21%
Iðnaðarmenn	6	4%
Verkafólk í þjónustu	29	20%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	31	21%
Samtals	146	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.


Í ágúst tóku 435 einstaklingar þátt í slíkum úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Af þessum 435 voru 158 í ýmiss konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá voru 58 einstaklingar á ýmis konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en nokkrir fóru á tölvu- og bókhaldsnámskeið eða önnur starfstengd námskeið. Að auki voru 28 einstaklingar sem voru skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í ágúst unnu 23 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 111 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana.

Loks voru 34 einstaklingar með vinnusamning öryrkja í ágúst. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Þeim samningum er ætlað að

auka tækifæri atvinnuleitanda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum markaði.


Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í ágúst 2018



Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í ágúst voru gefin út 55 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir


Útflutt réttindi í atvinnuleysis-tryggingakerfinu eftir löndum, ágúst 2018



fóru í atvinnuleit til Póllands eða 32 einstaklingar, 5 einstaklingar fóru til Litháen og 18 til 10 annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 424 slíkt vottorð. Í ágúst komu 7 einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slíkt vottorð frá öðrum EES-ríkjum, 6 frá Danmörku og einn frá Færeyjum. Það sem af er ári hefur 41 einstaklingur komið til landsins með slíkt vottorð.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í ágúst voru gefin út 83 U1 vottorð. Líkt og undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (33), þá fóru 13 til Tékklands og 7 til Slóvakíu. Það sem eftir stendur, eða 30 vottorð, voru gefin út til 11 annarra ríkja. Það sem af er ári hefur verið gefið út 691 U1 vottorð.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, ágúst 2018




Útlendingar

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Í ágúst gaf Vinnumálastofnun út 235 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.369 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í ágúst voru 76 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 99 framlengd leyfi, 14 á grundvelli þjónustusamnings og 46 leyfi til námsmanna.

Það sem af er ári hefur Vinnumálastofnun veitt 328 atvinnuleyfi vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar. Af þeim eru 126 til nýrra útlendinga á vinnumarkaði en 202 eru framlengd leyfi. Á meðfylgjandi súluriti má sjá fimm algengustu þjóðerni útlendinga sem fengið hafa sérfræðingsleyfi það sem af er árinu 2018.

Þjóðerni að baki sérfræðingsleyfi



Fimmtungi færri starfandi á vegum starfsmannaleiga en fyrir ári síðan

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 38 erlend fyrirtæki starfandi í ágúst 2018. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var samtals 218 og hefur þeim fjölgað um 12 frá síðasta mánuði.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.572 í mánuðinum á vegum 26 starfsmannaleiga. Þessum starfsmönnum hefur fækkað um 12 milli mánaða. Líkt og sagt var frá í síðustu mánaðarskýrslu virðist sem fjöldi starfsmanna á vegum

FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR GREIDDI

1.136 milljónir

í ágúst


til 2.975 mæðra og 1.725 feðra

starfsmannaleiga hafi náð jafnvægi á íslenskum vinnumarkaði og eru á bilinu 1.500 til 1.600 starfandi að meðaltali á mánuði. Í ágúst s.l. voru alls 1.572 starfandi en til samanburðar voru 1.928 starfandi á sama tíma fyrir ári síðan. Nú eru tæplega 20% færri starfandi á vegum starfsmannaleiga en á sama tíma fyrir ári síðan. Á meðfylgjandi súluriti má sjá fjölda starfandi á vegum starfsmannaleiga eftir mánuðum á árunum 2016, 2017 og það sem af er árinu 2018.

ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI

48 launamönnum
vangoldin laun vegna gjaldþrota
fyrirtækja í ágúst

Fjöldi starfsmanna í mánuði



Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistökur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra